

Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. ágúst 2020
Tilvísun: OS2020060065/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Framlenging á leyfi til efnistöku af hafsbotni á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík í Kollafirði

Vísað er til erindis Björgunar ehf., sem barst með tölvupósti þann 29. júní sl., þar sem óskað er eftir framlengingu til eins árs á leyfi til efnistöku af hafsbotni á tilgreindum svæðum í Kollafirði, upphaflega útgefnu af Orkustofnun þann 29. júní 2009 til tíu ára (leyfi nr. OS-2009-L011-01).

Þann 24. júní 2019 óskaði Björgun ehf. eftir framlengingu fyrra leyfis til eins árs, til sömu efnistökusvæða og fyrr, innan sömu námumarka og fyrra leyfi og þess efnismagns sem veitt var leyfi fyrir. Ástæða umsóknarinnar var að fyrirtækið vann að endurmati á umfangi efnis á námasvæðum í Kollafirði, í samræmi við leitar- og rannsóknarleyfi útgefnu af Orkustofnun þann 31. maí 2019. Ljóst þótti að niðurstöður leitarinnar myndu ekki liggja fyrir fyrr en síðar á árinu 2019.

Með bréfi, dags. 30. september 2019 veitti Orkustofnun framlengingu á áður útgefnu leyfi til efnistöku af hafsbotni á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík í Kollafirði til 29. júní 2020.

Þann 10. mars 2020 sendi Björgun ehf. Skipulagsstofnun fyrirspurn um matsskyldu áframhaldandi efnistöku í Kollafirði, að mestu leyti á sömu svæðum og fyrr, með vísan til tölulíðs 13.02 í 1. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Þann 9. júní 2020 komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð framkvæmd, svo breytt, væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ljósi niðurstöðu Skipulagsstofnunar sendi Björgun Orkustofnun umsóknir um leyfi til efnistöku á tilgreindum svæðum í Kollafirði þann 22. júní 2020. Þann 29. júní sl. óskaði fyrirtækið síðan eftir frekari framlengingu á leyfi til efnistöku á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík í Kollafirði. Í erindinu er vakin athygli á því að Björgun ehf. hefði ekki unnið neitt efni á svæðinu á grundvelli bráðabirgðaleyfisins dags. 30. september 2019.

Í ljósi framanritaðs samþykkir Orkustofnun að áður útgefið leyfi til efnistöku af hafsbotni á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík í Kollafirði, dags. 29. júní 2009, verði framlengt til 29. júní 2021 meðan unnið er að afgreiðslu nýrrar leyfisumsóknar. Skilmálar þeir er fylgdu útgefnu leyfi skulu haldast óbreyttir með leyfi þessu.

Orkustofnun bendir á að erindi þetta er af því tagi að ekki felist í því afstaða stofnunarinnar til umsóknar um ný leyfi samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins nr. 73/1990.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, samkvæmt 6. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga, nr. 130/2011, skal kæra til úrskurðarnefndar borin fram innan eins mánaðar frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur